

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

9. mars 2012
Tilvísun: 2012030021

Efni: Álit Fjármálaeftirlitsins á tillögu Össurar hf. – mál nr. 369 (yfirtökureglur)

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá því 8. mars 2012, þar sem óskað var eftir skriflegu álit Fjármálaeftirlitsins á tillögu Össurar hf. að nýrri 9. mgr. 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti (vvl.). Enn fremur var óskað eftir mati á því hvort tillagan væri lagalega tæk og framkvæmanleg.

Vísað er til fyrri funda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um sama efni og verður nú í ljósi þeirra og þess tímaramma sem settur er greint frá aðalatriðum í álit Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið gerir veigamiklar athugasemdir við þau drög sem fyrir liggja að nýrri 9. mgr. 100. gr. vvl. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi er snýr að starfi Fjármálaeftirlitsins: Í ákvæðinu segir m.a. „...og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein hafi hann ekki verið tilboðsskyldur á þeim skipulega verðbréfamarkaði þar sem verðbréf viðkomandi félags voru tekin til viðskipta að frumkvæði útgefanda“. Samkvæmt þessu má ætla að mörk tilboðsskyldu fari eftir lögum og reglum þess lands þar sem verðbréf félags voru tekin til viðskipta að frumkvæði útgefanda. Um aðra þætti varðandi yfirtöku aðila fari þá að íslenskum lögum og reglum. Fjármálaeftirlitið telur ekki tækt að það hafi eftirlit með að aðilar fari að lögum og reglum annarra landa, enda ekki eftirlitsaðili þeirra. Það má t.a.m. nefna aðstæður þar sem eftirlitsaðilar meta þarf hvort aðilar starfi í samstarfi, en í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð er slíkt skilgreint á eftirfarandi hátt sem aðildarríki hafa síðan útfært á mismunandi hátt: *“persons acting in concert shall mean natural or legal persons who cooperate with the offeror or the offeree company on the basis of an agreement, either express or tacit, either oral or written, aimed either at acquiring control of the offeree company or at frustrating the successful outcome of a bid”*. Þá skal á það bent að þegar erlent fjármálaeftirlit hefur metið það sem svo að íslenskar reglur gildi og þar af leiðandi ekki undir eftirliti þeirra, má ætla að lagasetning á Íslandi þess efnis að fara eigi eftir öðrum lögum en íslenskum breyti því ekki.

Hvað varðar efnislega tillögu Össurar vill Fjármálaeftirlitið tiltaka að það telur að slík undanþága sé fremur óheppileg. Benda má á þann möguleika félaga með höfuðstöðvar hér á landi á að sniðganga íslenskar yfirtökureglur með því að taka bréf sín til viðskipta fyrst á skipulögðum verðbréfamarkaði í öðru landi með sveigjanlegri yfirtökureglur sem kauphöll tekur síðar til viðskipta að eigin frumkvæði. Þá má einnig ætla að slík undanþága fari gegn megináherslu íslenskra yfirtökureglna þegar um er að ræða ríki þar sem yfirtökumörk eru hærri en hér á landi, þ.e. varðandi vernd minnihluta hluthafa og dreift eignarhald félaga með skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið ítrekar og leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að gerðar verði breytingar á 7. og 8. mgr. 100. gr. vtl., sbr. það frumvarp sem fyrir liggur.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Barbara Inga
Barbara Inga Albertsdóttir